


VIÐVÖRUNARKERFI VEÐURSTOFU ÍSLANDS



Viðvörðunarkerfi Veðurstofunnar byggist á alþjóðlegum staðli sem kallast CAP (Common Alerting Protocol) og er stafrænt snið fyrir miðlun neyðartilkyninga og viðvarana um náttúruvá. Útgefin skeyti eru á stöðluðu formi sem samræmir alla miðlun viðvarana yfir mismundandi samskiptaleiðir og miðla. Hvert CAP skeyti inniheldur upplýsingar um þá náttúruvá sem varað er við, landshlutann sem viðvörðunin nær til, gildistíma og mat á því hversu mikil áhrif umrædd vá getur haft á samfélagið.

Viðvaranir eru í litum í samræmi við hættustig veðurs.



Áhrif óveruleg á daglegar athafnir. Grænar viðvaranir eru ekki gefnar út sem upphafsviðvörðun, eingöngu til að gefa til kynna að veður hefur gengið niður eða spá hefur breyst svo mikið að útgefnar viðvaranir eru afturkallaðar með grænni viðvörðun.



Veðrið getur haft nokkur eða staðbundin áhrif og valdið töfum, slysum eða tjóni ef aðgát er ekki höfð. Slík veður eru ekki óalgeng en krefjast árvekni við skipulagningu atburða og í ferðum á milli landshluta eða á hálendinu. Óveruleg áhrif á samgöngur á landi, innviði og þjónustu.

Gul viðvörðun 3-5 daga fram í tímann gefur til kynna að litlar eða miðlungs líkur séu á mjög áhrifamiklu veðri 3-5 daga fram í tímann. Gangi spár eftir eru miklar líkur á að viðvörðunargildi hækki þegar nær dregur.



Miðlungs eða miklar líkur eru á veðri sem valdið getur miklum samfélagslegum áhrifum. Veðrið getur valdið miklum samfélagslegum áhrifum. Veðrið getu valdið tjóni og/eða slysum og ógnar mögulega lífi ef aðgát er ekki höfð. Skerðing á samgöngum og innviðum/þjónustu tímabundin/staðbundin.

Veður sem þessi verða nokkrum sinnum á ári.



Miklar líkur eru á veðri sem hefur mjög mikil samfélagsleg áhrif, eða slíkt veður er yfirstandandi. Einstaklega áköfum og hættulegum veðurskilyrðum er spáð. Búast má við miklum skemmdum, líkur á slysum eru miklar og veðrið ógnar lífi. Viðbúið að samgöngur lokist og aðgengi að innviðum/þjónustu skerðist.

Veðurfræðingar vinna út frá áhrifum veðurs og líkum á því að veðrið skelli á

Tökum gott dæmi um þetta. Gefin var út gul viðvörðun fyrir allt landið sem taka átti gildi aðfaranótt föstudagsins 14. febrúar fram til kl. 21 á föstudagskvöld. Þetta var sérlega djúp og áköf lægð sem nálgast landið úr suðvestri. Líkur voru á að áhrif veðursins yrðu umtalsverð. En hvers vegna er viðvörðunin „bara“ gul? Veðurfræðingar nota gula litinn einnig til að vara við veðri lengra fram í tímann, 3-5 daga. Í skýringartextanum fyrir gula viðvörðun segir: „Gul viðvörðun getur einnig gefið til kynna að litlar eða miðlungs líkur séu á mjög áhrifamiklu veðri 3-5 daga fram í tímann.“ Þetta átti einmitt við veðrið sem var í vændum. Þegar nær dró og líkurnar á því spáin gengi eftir aukast, var viðvörðunarstigið hækkað upp á appelsínugult. Þetta er útskýrt í því sem við köllum „Áhrifafylkið“. Þar er horft á „líkur“ og „áhrif“. Viðvörðunarlitur ákvarðast þannig af mati sérfræðinga á áhrifum væntanlegs veðurs og líkum á því að spáin gangi eftir.

Þetta dæmi sýnir að það er mikilvægt að átta sig á því að gul viðvörðun 3-5 daga fram í tímann táknar ekki endilega hversu slæmt veður er í vændum.



Miðað við hvernig spáarnar fyrir föstudaginn 14. febrúar litu út þriðjudaginn 11., var staðsetning viðvörðunar í áhrifafylkinu í þeim kassa sem hakað er við á myndinni. Segjum sem svo að spáarnar breytist ekki hvað varðar ákefðina í veðrinu. Líkurnar á því að spáin gangi eftir aukast hins vegar eftir því sem nær dregur föstudeginum og því myndi viðvörðunin færast lóðrétt upp líkindaásinn og fá þannig appelsínugulan lit.

Viðvörðun á viðvörðun ofan

Þegar mikið gengur á eins og í fávörðun sem geisaði um miðjan febrúar 2020, þá geta margar viðvaranir verið í gildi fyrir sama spásvæðið. Eins er mögulegt að gefin sé út viðvörðun fyrir fleiri en eina náttúruvá í einu innan sama spásvæðis.



Tölurnar í litlu yfirlitsmyndinni fyrir viðvaranir sem er efst í hægra horninu á vedur.is tákna þann fjölda viðvarana sem gefinn hefur verið út fyrir hvert svæði. Þegar þetta skjáskot var gert stendur talan 7 yfir einum fjórðungi landsins. Það þýðir að á þessum tímamarki var búið að gefa út 2 viðvaranir fyrir höfuðborgarsvæðið, tvær fyrir Faxaflóasvæðið og 3 fyrir Suðurland, samtals 7 viðvaranir fyrir þann fjórðung landsins.

Viðvörðun fyrir fleiri en eina veðurvá í einu

Gott dæmi eru viðvaranir fyrir Suðausturland. Rauð viðvörðun vegna ofsaveðurs og stórhriðar er í gildi frá kl. 6-11. Gul eldingaviðvörðun gildir frá kl. 10-14. Appelsínugul viðvörðun vegna stórhriðar frá kl. 11-13 og svo að lokum gul viðvörðun vegna sunnan hvassviðris og slyddu frá kl. 13-22.

Táknin yfir spásvæðinu í myndinni hér að ofan sýna þannig rauða viðvörðun vegna vinds og stórhriðar, gula eldingaviðvörðun og svo gula viðvörðun vegna vinds.

